



## Fundargerð

**453. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 29. október 2020 kl. 16:15. Þetta er 15. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 5 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube;

<https://www.youtube.com/watch?v=0NWF1cmiNqU&feature=youtu.be>

Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista tekur sæti Katrínar Gunnarsdóttur D-lista vegna yfirstandandi leyfis. Bjarki Guðnason boðar forföll í hans stað er mætt Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*9. október fundur í verkefnishópi um sameiningu sveitarfélaganna*

*12. október stjórnarfundur Bergrisans bs*

*13. október fundur lögreglustjórans á Suðurlandi með bæjar- og sveitarstjórum um stöðuna vegna Covid 19*

*13. október stjórnarfundur SSKS*

*13. október samráðsfundur SASS vegna stöðu hjúkrunarheimila*

*14. október fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulshjólsgarðs*

*15. október vinnufundur sveitarstjórnar*

*16. október fundur í verkefnishópi um sameiningu sveitarfélaganna*

*16. október fundur á vegum SASS vegna endurskoðunar byggðaaætlunar*

*19. – 22. október íbúafundir í Ásahreppi, Rangárþingi eystra, Rangárþingi Ytra og Mýrdalshreppi vegna sameiningarviðræðna*

*20. október vinnufundur sveitarstjórnar með formönnum nefnda og forstöðumönnum vegna fjárhagsáætlunar*

*21. október stjórnarfundur SSKS*

*22. október vinnufundur sveitarstjórnar*

*23. október fundur í verkefnishópi um sameiningu sveitarfélaganna*

*23. október fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulshjólsgarðs*

*26. október stjórnarfundur Eldvilja*

*27. október fundur lögreglustjórans á Suðurlandi með bæjar- og sveitarstjórum um stöðuna vegna Covid 19*

*27. október stjórnarfundur Bergrisans bs*

*27. október íbúafundur í Skaftárhreppi vegna sameiningarviðræðna*

*28. október vinnustofa Náttúrustofu Suðausturlands vegna Núpstaðarskóga*

*29. október aðalfundur SASS*

*29. október forstöðumannafundur vegna áhrifa styttingu vinnuvikunnar á stofnanir sveitarfélagsins*

*Vinna að tillögu um endurskipulagningu Eldvilja vegna uppbyggingar þekkingarseturs í heimavistarálmu grunnskólans stendur enn yfir og stefnt að því að tillagan verði lögð fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.*



## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 172. fundar fræðslunefndar, dags. 14.10.2020

Heilsuleikskólinn Kæríbær

4) Húsnæðismál

Núverandi húsnæði rúmar ekki lengur það starf sem fer fram í Leikskólanum Kærabæ, fræðslunefnd vill beina því til sveitarstjórnar að tryggja leikskólanum aukið rými

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Unnið er að því að skoða hvernig hægt er að leysa húsnæðismál leikskólans.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

2. Fundargerð 36. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 16.10.2020

3. Sorpmál

Miklar framfarir hafa verið á umgengni á gámavellinum á þessu ári.

Nokkuð vantar upp á upplýsingaflæði til íbúa sem leiðbeinir um flokkun og bæta þarf merkingar á gámavellinum. Eru nefndarmenn tilbúnir að aðstoða við þetta mál ef þess er óskað.

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að hafa samráð við nefndarmenn umhverfis- og náttúruverndarnefndar varðandi úrbætur á gámavellinum.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.*

1. 2010010 Skaftárstofa samstarfssamningur til staðfestingar

*Oddviti ber samninginn upp til atkvæða með nafnakalli. Samningurinn er samþykktur af EBH, JHK og AH. UEB situr hjá við afgreiðsluna.*

*Heiða Guðný kemur aftur til fundarins*

2. Úthlutun lóða á læknisreit

*Umsóknir um auglýstar lóðir á læknisreit bárust frá fjórum aðilum fyrir tilskilinn frest. Þrír aðilar skiluðu umbeðnum gögnum í samræmi við úthlutunarreglum sveitarfélagsins og uppfylla þar með skilyrði til að fá úhlutað lóð á læknisreitnum. Eftirtaldir aðilar sóttu um;*

*Byggðaból ehf – Læknisreitur A2 parhúsaloð*

*RR Tréverk – Læknisreitur B1 einbýlishúsaloð*

*Nýjatún ehf – Læknisreitur A1 raðhúsaloð*

*Oddviti óskar eftir fundarhléi.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta lóð A2 parhúsaloð til Byggðaból ehf og B1 einbýlishúsaloð til RR Tréverk. Úthlutun lóðar A1 raðhúsaloð frestað til næsta fundar.*



*Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu. Sveitarstjórn veitir jafnframt heimild til að gatnagerð á læknisreit verði boðin út.*

3. Snjómokstur tengivega í Skaftárhreppi 2020-2023 – niðurstaða verðkönnunar  
*Þrjú tilboð bárust í snjómokstur tengivega í Skaftárhreppi;  
Pétur Davíð Sigurðsson - Skaftártunga - 19.592,-  
Ármann Daði Gíslason – Skaftártunga - 17.500,-  
Viðar Björgvinsson – Meðalland – 60.000,-*

*Engin tilboð bárust í snjómokstur tengivegar í Álftaveri. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Ármanns Daða Gíslasonar í snjómokstur í Skaftártungu. Öðrum tilboðum hafnað. Sveitarstjóra falið að leita eftir aðilum í Meðallandi og Álftaveri til að sjá um snjómokstur á þeim svæðum í samvinnu við Vegagerðina.*

*Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Sveinn H. Jensson 3. varamaður D-lista í sveitarstjórn kemur til fundarins í hennar stað. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins*

4. Niðurfelling eða frestun fasteignagjalda. Eva Björk Harðardóttir, dags. 13.10.2020  
*Efri-Vík ehf óskar eftir að frekari frestun fasteignagjalda vegna tekjufalls í ferðaþjónustunni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að skoða heimildir sveitarfélagsins til frekari frestunar fasteignagjalda en þegar hefur verið ákveðið.*

*Sveinn H. Jensson vikur af fundi. Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

5. Tilboð Inkasso í innheimtu, dags. 22.06.2020  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að taka tilboði Inkasso í innheimtu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.*
6. Frestur til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2024. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 15.10.2020  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda inn beiðni til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um frest til að skila inn fjárhagsáætlun 2021-2024.*

### **III. Fundargerðir til kynningar**

1. Fundargerð 18. fundar atvinnumálanefndar, dags. 19.10.2020. *Fundargerð kynnt*
2. Fundargerð 81. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.10.2020. *Fundargerð kynnt*
3. Fundargerð 129. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 19.10.2020. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð 21. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 12.10.2020. *Fundargerð kynnt*
5. Fundargerð 53. fundar stjórnar SSKS, dags. 22.10.2020. *Fundargerð kynnt*
6. Fundargerð 889. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.10.2020  
*Fundargerð kynnt*
7. Fundargerð fundar lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 13.10.2020. *Fundargerð kynnt*
8. Fundargerð fundar lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 20.10.2020. *Fundargerð kynnt*



9. Fundargerð 88. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 14.10.2020. *Fundargerð kynnt*
10. Fundargerð 89. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 23.10.2020. *Fundargerð kynnt*  
*Sveitarstjóra falið að gera tillögu að bókun til sveitarstjórnar þar sem fyrirhuguðum niðurskurði til vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs er mótmælt.*
11. Fundargerð stjórnarfundar Eldvilja ehf., dags. 26.10.2020. *Fundargerð kynnt*
12. Verkfundur nr. 7 vegna uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 16.10.2020. *Fundargerð kynnt*
13. Fundargerð fundar lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 27.10.2020. *Fundargerð kynnt*

#### **IV. Annað kynningarefni**

1. Boðun XXXV. Landsþings þann 18. desember 2020. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.10.2020. *Kynnt*
2. Frestir vegna fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2021. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 15.10.2020. *Kynnt*
3. Varðandi fjarskiptasamband í Skaftárhreppi. Neyðarlínan, dags. 12.10.2020. *Kynnt*
4. Rekstrarárið 2019, starfsárið 2019-2020. Skólaþjónusta júní 2020. *Kynnt*
5. Stöðuskýrsla nr. 6 til ráðgefandi. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála. Félagsmálaráðuneytið, dags. 16.10.2020. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 12. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 17:26

---

Eva Björk Harðardóttir

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Unnur Einarsdóttir Blandon

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Arndís Harðardóttir



---

Sveinn H. Jenson